

JÓN TRAUSTI
SÝÐUR Á KEIPUM



ÖRNÁMSKEIÐ



LESTU.IS

Inngangur

Verkefnahefti þetta er hugsað fyrir alla þá er vilja rýna í og kynna sér söguna *Sýður á keipum* eftir Jón Trausta. Má þar einu gilda hvort um er að ræða fastmótað nám í skólum, þar sem tekið er mið af þeim kröfum sem þar liggja til grundvallar, eða hinn almenni lesandi sem knúinn er áfram af einskærum bókmenntalegum áhuga.

Þá hentar þetta einstaklega vel í tengslum við örnámskeiðið sem er að finna á lestu.is.

1. kafli

Spurningar

- Hvaða segir höfundur um Snæfellsjökul?
- Nefndu dæmi um það að höfundur stuðlar lýsingar sínar í fyrstu málsgrein.
- Hvernig er náttúran á Snæfellsnesi samkvæmt þessari lýsingu?
- Af hverju voru verstöðvar ákjósanlegar undir jöklinum vestanverðum?
- Hvernig voru þeir menn sem ólu aldur sinn undir jökli á vetrarvertíð?
- Hvernig mótaðist fólk í verstöðvum undir Jökli? Að hvaða leyti líktist það Snæfellsjökli?
- Hvernig lýsir höfundur Lóndröngum?

Tengdu lýsingarorðin við viðeigandi nafnorð. Sum nafnorðin þarftu kannski að nota oft en einu sinni.

Lýsingarorð	Nafnorð
bert fagri þunglyndisleg eilífur mjallhvítar þögul hörð hrikaleg þunglyndir	landið fjallajöfur náttúra jökull hyrnurnar menn

Umræða

Upphafsorð hverrar sögu eru afar mikilvæg. Þeim er ætlað að grípa lesandann og ná á honum tókum. Í fyrstu málsgrein er brugðið upp mynd af Snæfellsjökli og andstæðurnar eldur og ís blasa við. Síðar í kaflanum kemur í ljós að mennirnir eiga eitthvað skylt við jökulinn, kaldranalegir hið ytra en logandi hið innra, stundum af ást, stundum hatri.

Í fyrstu málsgrein er einnig lögð áhersla á hrjóstrugt landið sem umlykur söguviðið. Það er „bert og blásið“ – og stuðlunin ýtir undir þessa berangurstilfinningu. Síðan er náttúran m.a. sögð „þunglyndisleg“ og slík lýsing gefur tóninn um anda verksins. Mennirnir eru einnig sagðir „þöglir og þungbúnir“; jafnframt er talað um „þögnina og þunglyndið“ og að allt sé „fúlt og fjandsamlegt“. Þannig er greinilegt að það sem í hönd fer mun ekki verða sveipað mikilli birtu eða gleði.

Fyrsti kaflinn er áhrifamikil lýsing á eyðilegu og ógnvekjandi landi (við tókum t.d. eftir því að ekki er talað um *fegurð* jökulsins) og svipur landsins er síðan tengdur einkennum mannfólksins. Þetta er algengt einkenni rómantískra verka. Hér er um almenna lýsingu á sjósóknurum undir Jökli að ræða, enn er atburðarásin ekki hafin en látið er að því liggja í lok kaflans að stórviðburða sé að vænta.

Í kaflanum örlar á rómantískri fortíðarhyggju þegar sagt er að fyrri tíðar menn hafi ekki notið „gangvéla“, heldur hafi sjálfir þurft að „síga á árarar“.

2. kafli

Breyttu eftirfarandi textabroti í nútíð.

Þessi litli vogur, þessi hraunskora, sem sjórinn féll inn í, var fræg um land allt fyrir aflasældina, enda brást hún sjaldan vonum manna. Hrikalegar *hraunsteypubýggingar* vernduðu hana fyrir briminu. Við þær sogaðist sjórinn upp og niður, sjóðandi og vellandi af hvítu, þungu brimlöðri. Sjórokið gaus hátt í loft upp, þegar holskeflurnar hvolfdust upp að lóðréttum standbjörgunum. Gríðarlegir fossar steiptust fram úr hellunum, þegar út sogaði.

Spurningar

- Hvað reru margir bátar frá Dritvík á þessum tíma samkvæmt sögunni?
- Guðmundur Magnússon (Jón Trausti) ólst upp við sjó á nyrsta bæ á Íslandi og þekkti ágang sjávar betur en flestir. Hvað finnst þér um lýsingarnar á briminu við Dritvík?
- Hvað var gert við fiskihausa?
- Hvað var eins og „blásnar beinagrindur“?
- Á hvers konar bátum var gert út frá Dritvík?
- Af hverju var enginn bær í grennd við Dritvík?
- Lýsið hvernig sjóbúðirnar voru byggðar.
- Hvað var geymt í hjöllunum?
- Hvaða „gróður“ lá á víð og dreif í hrauninu?
- Af hverju festi aldrei snjó í hrauninu næst víkinni?

Umræða

Enn bíðum við eftir að sjálf atburðarásin hefjist. En nú er sviðið þrengt og athyglinni beint að verstöðinni. Lýst er tjörguðum og misstórum bátum, seglum og árum.

Svarti og hvíti liturinn eru áberandi í lýsingunni – og það minnir á hvítan jökulinn og svart hraunið. Nú kynnumst við óhrjálegum sjóbúðunum að utanverðu og hjöllunum sem minna á uppréttar beinagrindur af stórgripum – heldur nóturlegt umhverfi.

Jafnframt þessu fræðumst við örlítið um fiskverkun og ýmislegt sem tengist vetrarvertíð í íslenskri verstöð við upphaf 17. aldar. Lesandinn hefur verið dreginn inn í samfélag liðins tíma.

3. kafli

Verkefni

- Gerðu lista yfir persónurnar sem koma fram í sögunni og skiptu þeim í lið. Skrifaðu helstu einkenni hverrar persónu.
- Af hverju virðist þeim hafa komið illa saman, Sigurði og Sæmundi?

Þegar sagan kom út urðu nokkrir til að skrifa um hana gagnrýni, m.a. Dr. Valtýr Guðmundsson í Eimreiðinni og Alexander Jóhannesson í Ísafold. Hér fyrir neðan má sjá brot úr gagnrýni þeirra þar sem þeir víkja að persónusköpun höfundar. Hvað finnst þér um það sem þar er sagt?

A.

Í sögunni eru „skaplýsingar ... dágóðar, og þó einna best af Salómon, háseta þeirra Hraunbótarfeðga. Hinar virðast nokkuð forneskjukenndar, en geta þó verið sannar.“

Eimreiðin: Dr. Valtýr Guðmundsson

B.

„Persónulýsingarnar skýrast miklu betur af umgerð þessari, enda mun óvída vera gleggri samræmi milli jarðarholds og sálar, náttúru og persóna en á Íslandi.“

Ísafold: Alexander Jóhannesson

Umræða

Nú fáum við loks lýsingu á persónum sögunnar. Þannig þrengist hringurinn smátt og smátt, en enn er engin atburðarás hafin. Stundum eru verk látin hefjast í miðri hringiðu atburða (*in medias res*), en hér er hin leiðin farin, að kynna vel allar aðstæður áður en lagt er af stað. Þetta er alveg í anda íslenskar sagnahefðar, sbr. fornsögur okkar sem jafnan hefjast á greinargóðri kynningu.

Við fáum nú tækifæri til að velta fyrir okkur þeim andstæðu „fylkingum“ sem hér er lýst.

Eitt sem vekur athygli er það miskunnarleysi sem birst getur í viðurnefnum eða uppnefnum. Hér er t.d. talað um Sigurð *dýrbít* og Salómon *hnýtta*. Báðar nafngiftir tengjast óföggu ytra útliti.

Gaman er að velta fyrir sér *andstæðum* í lýsingum. Þannig eru þeir Sæmundur í Hraunbót og Sigurður tota algerar andstæður. Sæmundur er greiðvikinn og heljarmenni að burðum, Sigurður er nískur, lítill og væskilslegur o.s.frv. Salómon sker sig úr að því leyti að hann er afskræmdur hið ytra en fullur manngæsku.

Augljóst er að mikil átök milli flokkanna tveggja eru í aðsigi.

4. kafli

Spurningar

- Hvers konar maður var Öxnakeldu-Tobbi?
- Hvernig var aðbúnaðurinn í sjóbúð þeirra í Hraunbót?
- Hvert var erindi Tobíasar í verbúðina?
- Af hverju var Tobíasi illa við Totufeðga?
- Hvað lögðu þeir feðgar Sæmundur og Jón til að Tobías gerði?

Samtalið hér á eftir er úr kaflanum. Þar kemur fram hvernig þeir Totufeðgar tóku á móti Tobíasi er hann knúði dyra hjá þeim. Breyttu orðum Tobba í óbeina ræðu. Orð Sæmundar mega vera áfram í beinni ræðu.

Dæmi: Tobbi sagðist hafa knúð á aðrar dyr áður en hann kom í Hraunbót; hann var þungbúinn á svip.

„Einmitt það,“ mælti Sæmundur.....

„Ég knúði á aðrar dyr, áður en ég kom hingað,“ mælti Tobbi, allþungbúinn.

„Einmitt það,“ mælti Sæmundur dálítið glettnislega. „Og hvar var það?“

„Hjá Sigurði í Totu – þeim ríka manni.“

„Og var þér úthýst?“ gall í Jóni, sem nú fyrst fór að gefa gestinum verulegan gaum. Fátt mæltist verr fyrir í víkinni, þótt ekki væru þar háreist húsakynni, en það, að úthýsa gestum og gangandi, sem þar leituðu sér skjóls.

„Úthýst,“ mælti Tobbi. „Það var nú það minnsta. Mér voru valin örgustu hrakyrði – og svo var sparkað í mig.“

„Hver gerði það?“

„Þeir hjálpuðust að því, feðgarnir allir – og voru vel samtaka. Húsbóndinn beitti munninum – kjaftinum, lá mér við að segja, – yngri sonur hans hló, en eldri sonurinn lagði á mig mannskap sinn.“

„Meiddi hann þig?“

„Ég er nú ekki fastur á fótunum, svo að það er ekki mikil mannraun að sparka mér um koll, enda var það gert dyggilega.“

„Meiddi hann þig?“ – Sæmundur endurtók spurninguna.

„Ekki svo mjög með bölvaðri býfunni. En ég hrökklaðist út í hraunið, og – þið vitið nú vel, hve mjúkt það er við komu.“

Umræða

Nú er komin hreyfing á hlutina – og við fáum m.a. staðfestingu á því sem sagt var í fyrri kafla um innræti persóna. Tobíasi var úthýst hjá Sigurði en vel tekið hjá Sæmundi. Við veitum því athygli að Sæmundur, sem lýst var mjög jákvætt í fyrri kafla, er ekki

fullkomið góðmenni. Hann lætur hug sinn til Totufeðga í ljós þegar hann segir að vel mætti yrkja „tilhlýðilega“ um framkomu þeirra við Tobba. Slíkt gæti boðið hættunni heim.

Í kaflanum kynnumst við innviðum búðar þeirra Hraunbótarfeðga, afar fróðleg lýsing. Það logar á lýsislampa en hráslagalegar eru vistarverurnar. Engin kona til að gera búðina hlýlega og notalega. Við erum stödd í heldur hryssingslegu karlasamfélagi.

Nú kemur í fyrsta sinn fyrir orðtakið að „láta sjóða á keipum“, sbr. titil sögunnar. Mikilvægt er að hafa þetta bak við eyrað og rýna í merkingu orðasambandsins. Orðið **keipur** merkir ‘útbúnaður (á borðstokk róðrabáts) sem árin leikur í þegar róíð er.’ Þegar sýður á keipum er siglt eða róíð svo djarft að freyðir um bóg og borð. Einnig er orðtakið notað í yfirfærðri merkingu um að fara mikinn í orðum og æði, Tobbi ætlar sér að láta sjóða á keipum – og við eigum eftir að fylgjast með afleiðingum þess.

Írónía eða *háð* (kaldhæðni) er mikilvægt stílfraðilegt einkenni. Þá er merkingu orðanna snúið við. Tobbi segir að hraunið sé „mjúkt viðkomu“: hann á við hið gagnstæða. Benda má á dæmi eins og þetta: „Þú stóðst þig aldeilis vel á prófinu, drengur minn.“ (Orð kennara við nemandan sem féll.)

5. kafli

Spurningar

- Hvað bað Salómon Tobías að gera eða gera ekki?
- Hvaða rök notaði Salómon helst til að fá Tobías af hefndarásetningi sínum?
- Í samtali sínu við Tobías vísar Salómon til fornsagnanna. Hvernig gerir hann það?

Reyndu að búa til nafnorð úr sögnunum hér fyrir neðan.

að liggja, að eggja, að mýkja, að heita, að hnýta, að hefna, að bíta, að hýsa, að móðga, að þykja, að taka.

Áttirðu í erfiðleikum með einhverjar sagnir? Hvaða sagnir voru það?

Umræða

Þessi kafli er að mestu leyti samtal þeirra Salómons og Tobba. Við kynnumst sannfæringarkrafti Salómons og skynjum hve litlu munar að honum takist að fá Tobba til að gæta sín og hætta við að yrkja níðbrag.

Í orðum Samúels eru endurtekin orðin um að lítill neisti geti kveikt mikið bál. Endurtekningunni er ætlað að festa þetta í minni lesandans (kveðskapurinn er neistinn sem getur kveikt óvináttubálið).

Salómon lýsir í samtalinu þeirri breytingu sem á honum varð við refsinguna sem hann fékk ungur. Honum hefndist fyrir ógætilega framkomu. Tala mætti um „frelsun“. Líkaminn fór að sönnu illa en innri maðurinn breyttist til hins betra. Þessar *andstæður*, líkami og hugur eða andi, koma einnig fram í orðum Tobba sem segist eiga veikburða líkama en sterkt andlegt vopn: skáldskapinn.

Salómon nefnir *Guð* í ræðu sinni og segir að Tobbi eigi að láta Guð um hefndina. Hér er vísað í þá trú að fólk komi fyrir Guð á dómsdegi og taki afleiðingum gerða sinna.

Gott dæmi um *viðlíkingu*: „Hatrið og illskan vex og vex, eins og snjóflóð....“

Í lok kaflans birtist enn aflið sem togar Tobba í hina áttina – og *stefið* eða *leiðarminnið* hljómar í annað sinn: Láttu nú sjóða á keipum.

6. kafli

Spurningar

- Hvers konar meðal notaði Sæmundur til að lina þjáningar Tobba?
- Hvað á höfundur við þegar hann segir að formannsvísurnar hafi verið andlegt vegabréf Tobba?
- Hvað átti Tobbi að fá að launum fyrir formannsvísur sínar?
- Hvers konar fyrirbæri voru *skoffín*?
- Hvernig gátu menn orðið sér úti um *sagnaranda*?
- Hver var Axlar-Björn og hver urðu örlög hans?
- Takið eftir hvað Sæmundur segir um það hvað hann myndi gera ef hann yrði manni að bana. Hvað segist hann myndu gera?
- Takið líka eftir því hvað Salómon segir við Jón ef hann skyldi einhvern tíma rata í líka villu og Axlar-Björn.
- Hvað dreymdi Tobba?

Í eftirfarandi textabroti vísar höfundur í lífsskoðun 17. aldar. Er hún eitthvað ólík því sem við trúum í dag? Á hvaða hátt?

Margt var það fleira, sem Tobbi hafði að færa, en allt var það þrungið af trú og lífsskoðun þeirrar aldar, fullt af kynngi og kynjum, – þessum einkennilega andans gróðri, sem vex upp af myrkursjúkri ímyndunargáfu. Fyrir innri augum Tobba var loft og *lögur*, hólar og steinar, berg og brunnar – allt fullt af ósýnilegum öndum, sem um var að gera að ná í þjónustu sína, ýmist til að verja sjálfan sig illu eða ná sér niðri á andstæðingum sínum.

Umræða

Hér leiðir höfundurinn okkur inn í samtal sjóbúðarmanna sem hínast í búð sinni af því að ófært er á sjó (landlega). Tobbi fer með kveðskap sinn sem ekki er alltaf upp á marga fiska. En hann á þó von á skáldalaunum. Deilt er á ófrumleika rímnakveðskapar og kenningahnoðið en einnig er talað um vísur sem ortar eru af meira listfengi og undir léttari háttum.

Við kynnumst einnig hjátrú og hindurvitnum og því hlutverki skáldskaparins að verjast illum vættum (særingarljóð gegn skoffíni, spænskum sjómönnum o.s.frv.). Fróðlegt er það sem segir um sagnarandann og það hvernig hann megi nota til að öðlast vitneskju um allt sem hugurinn girnist. Um skoffín og skuggabaldra, sjá Þjóðsögur Jóns Árnasonar (I:610 og 620).

Vikið er að raðmorðingjanum Axlar-Birni sem nýlega hafði verið tekinn af lífi í nágrenninu, og er frásögnin af honum tengd við það sem síðar á eftir að gerast. Þannig verður sagan af morðingjanum ekki eins og aðskotahlutur í sögu Jóns Trausta, heldur mikilvægur þáttur í framvindu hennar: Sæmundur segist heldur vilja sigla til hafs, út í opinn dauðann, en komast undir manna hendur fyrir óviljaglæp og verða pyntaður eins og Axlar-Björn. Sjá frásögn af æviferli Axlar-Bjarnar í Þjóðsögum Jóns Árnasonar II:116–120.

Segja má með sanni að ýmsir *fyrirboðar* birtist í þessum kafla. Þar má til dæmis nefna drauma Tobba. En við veitum einnig eftirtekt orðum Salómons um þann möguleika að Jón lendi í svipaðri villu og Axlar-Björn: fyrirboði.

Enn birtist stefið að „sjóða á keipum“, nú í orðum Tobba þar sem hann segir frá draumi sínum.

7. kafli

Spurningar

- Hvenær var ákveðið að flytja Sigurði vísurnar sem honum voru ætlaðar?
- Má merkja vott um einelti í kaflanum? Ef svo er, hverjir tóku þátt í því?
- Hvernig brást Sigurður við flutningnum?
- Hvað fannst Tobba um viðbrögð Sigurðar?
- Af hverju voru þeir Hraunbótarfeðgar ósáttir við uppákomuna?

Reyndu að búa til nafnorð úr lýsingarorðunum hér fyrir neðan.

spéhræddur, tortryggur, kröftugur, illt, napur, ágengur, öflugur, áköf,

Áttirðu í erfiðleikum með einhver orðanna? Hver þá?

Umræða

Það hefur áður komið fram að Sigurður er nískur. Hér sníkir hann brennivín í búð Ólafs Örnólfssonar og þá skapast réttar aðstæður til að flytja níðið, enda eru synir Sigurðar í kirkju. Níðið er afar napurt (sbr. allar ásakanirnar, t.d. um svíðingsskap (nirfilshátt), hvinnsku (þjófnað) og trúleysi (Sigurður hefði betur farið til kirkju!). Gefið er í skyn að innihald kveðskapar Tobba um Sigurð sé komið frá öðrum en Tobba (böndin berast að Hraunbótarfeðgum).

Hlátur Sigurðar vekur athygli. Það fylgir honum óhugnaður – og öll athöfnin verður ferlegri en ella. Hlátur í fornum og nýjum sögum boðar gjarnan eitthvað illt. Sigurður er auðvitað ekki í jafnvægi; skjálftinn sem Hraunbótarfeðgar urðu varir við hjá honum er vísbending um líðan hans. Það hlýtur að draga til mikilla tíðinda.

Hláturinn orkaði truflandi á Tobba – og flutningurinn fer í handaskolum hjá honum.

Vissulega er Sigurður ómerkilegur. En spyrja má hvort menn hafi gengið of langt í að ná sér niðri á honum.

8. kafli

Spurningar

- Hvernig var ástatt fyrir Sigurði þegar synir hans komu heim?
- Hvaða orð notaði Sigurður um kirkjubóðskapinn sem synir hans höfðu hlýtt á?
- Hvað þótti sonum Sigurðar sárast við atburðinn?
- Hvaða tilgangi þjónaði rauða húfan?
- Hverjir réðust á Ólaf Örnólfsson og af hverju hann?
- „...þakka honum ofurlítið fyrir búðarlánið.“ Þegar svona er komist að orði er um kaldhæðni (íróniú) að ræða. Merking orðanna er þveröfug við það sem raunverulega er átt við: áhrifamikið stílbragð. Búið til annað dæmi þar sem kaldhæðni er beitt.

Umræða


„Ég hef fengið aðra blessun,“ segir Sigurður við syni sína. Hér er um kaldhæðni eða *íróniú* að ræða: merkingu orðsins *blessun* er snúið á hvolf. Sama er að segja um þau orð Sigurðar að ekki væri úr vegi að „þakka honum Ólafi mínum Örnólfssyni ofurlítið fyrir búðarlánið.“ „Þakkirnar“ felast í hýðingu.

Rauðu húfunni er ætlað tvenns konar hlutverk, a) að minna synina á svívirðinguna sem faðir þeirra varð fyrir og b) að gefa bræðrunum merki um ferðir Tobba.

Þessi kafli lýsir heiftarhug Sigurðar og segir jafnframt margt um kænsku hans og það vald sem hann hefur yfir sonum sínum; við minnumst í því sambandi þess sem fram kom í níði Tobba í kaflanum á undan um að Sigurður spillti sonum sínum og egndi þá til illverka.

Í fyrri kafla var talað um hlátur. Hér er minnst á grát: *andstæður*.

Krossgáta



Vísbendingar

Lárétt

2. kjarkleysi; ragmennska
6. hljóðir
8. tómar
9. mjög
11. lélegur; magur; smár
12. borð um þveran bát til að sitja á við róður
14. aðallega
15. steinn notaður sem akkeri
16. sending í tófulíki
17. sjávargangur; stórar bylgjur við land
18. svo hlýtt veður að snjór og ís bráðna
21. blómlausar jurtir án róta
22. tryggur
23. tréspýtur til róðra
24. eignalaus einstaklingur
25. sár
26. vindleysa; alkyrrt veður
27. skuggi; staður sem skugga ber á
29. sumur staður á skrokki; verkur
30. sem gefur ágóða, arð

Lóðrétt

1. 100 ár
3. iður
4. fyrirhyggja; forsjá æðri máttarvalda
5. bráðlyndur
6. ættbálkur brúnþörunga sem lifa í fjöru
7. flakkari
10. rimlakofi til að þurrka fisk
13. sem á marga vini
15. styst
19. hugrekki
20. ofin rúmábreiða
21. lítil krabbadýr í sjó sem lifa á hræjum
27. rúm
28. brædd fiskifita

9. kafli

Spurningar

- Hvað fannst fólki um rauðu húfuna?
- Hvernig hafði sjósókn þeirra Totumanna breyst eftir uppákomuna?
- Af hverju fannst Hraunbótarfeðgum ósennilegt að ástæðan fyrir því hvað þeir Totumenn sóttu stutt út væri tengd því að þeir sætu um Tobba?
- Af hverju var ekki hægt að sækja þá Totumenn til saka fyrir morðið á Tobba?

Í textabrotinu hér fyrir neðan er búið að taka út öll nafnorðin. Reyndu að finna nafnorð sem gæti passað.

Ekki var hans þó saknað og farið að spyrja um hann fyrr en eftir nokkra _____, því ekki þóttu það mikil _____, þótt _____ hyrfti. Engir héldu _____ fyrir um _____ að þessu sinni, nema þeir _____. Og þegar það fréttist, að hann hefði ekki til _____ komið, fengu þeir _____ í _____ með sér og hófu leit eftir honum.

Umræða

Kaflinn hefst á orðinu *hlátur*. Þannig erum við minnt á hvað gerðist í kaflanum þar sem sagt var frá níðinu.

Á rauðu húfuna má líta sem tákni um þá vitfirringu sem birtist í sögunni. Rauð húfa á höfði manns er vísbending um að fífl sé á ferðinni; menn halda að Sigurður sé geggjáður – auðvitað er hann það að vissu leyti, en hann er líka klókur og heiftúðugur.

Allir vita hverjir illverkin hafa framið. En það er engin leið að sanna neitt. Þekkjum við slík dæmi úr nútímanum?

Nú er búið að hefna tvisvar: fyrst var Ólafur hýddur, og nú var Tobbi drepinn. Skyldi vera fullhefnt?

10. kafli

Spurningar

- Hvernig höfðu þeir Totumenn breyst eftir dauða Tobba?
- Hvernig brugðust þeir við ásökunum um að þeir hefðu myrt Tobías?
- Hvað gaf Sigurður í skyn við son sinn varðandi þá Hraunbótarmenn?

Reyndu að finna orð sem gætu passað inn í eyðurnar.

Síðan um veturinn að Öxnakeldu-Tobbi _____, hafði skipt nokkuð um _____ þeirra Totumanna. Eftir því, sem óþokkinn á þeim varð almennari, urðu þeir sjálfir mannblendnari og kátari og leituðu meira eftir _____ við aðra menn. Það var ekki aðeins, að þeir létust ekki sjá _____ manna, heldur var sem þeir *storkuðu* almenningsálitinu og _____ við alla: Kærið okkur, ef þið þorið, og sannið upp á okkur glæp, ef þið getið.

Umræða

Talað er um að veður standi af landi. Talað er um „landsynning“ og að hann sé „landsynntur“. *Landsynningur* er sama og suðaustan átt (sunnan - synningur). Orðið er gamalt og á rætur á vesturströnd Noregs. Þegar vindur var á landsunnan kom hann af landi en þegar hann var á *útsunnan* var um suðvestan átt að ræða: vindur kom utan af hafi (útsynningur). Þessi orðnotkun hélst áfram hér á Íslandi. – Það kemur í ljós síðar að vindáttin skiptir máli í framvindu sögunnar.

Við tökum eftir að Sigurður yngri undrast að faðir hans skuli vera með verkfæri í höndum þarna eftir næturbröltið.

11. kafli

Spurningar

- Af hverju ákváðu þeir Hraunbótarmenn að halda á sjó þennan dag?
- Af hverju brotnuðu árar þeirra Hraunbótarmanna?
- Útskýrðu eftirfarandi setningu: „En það var einmitt hans líf, sem alls engin von var um að bjarga.“
- Útskýrðu vísunina í Axlar–Björn í þessum kafla.

Í Orðabók Háskólans er vísað til orðatiltækisins „sýður á keipum“ í sögunni og það skýrt út á eftirfarandi hátt: Orðið keipur, ‘útbúnaður (á borðstokk róðrabáts) sem árin leikur í, þegar róið er,’ kemur fyrir í orðatiltækjum eins og *sýður á keipum og sitja (fast) við sinn keip*. Fyrri orðatiltækið barst fyrir skömmu í tal milli manna á vinnustað og spunnust nokkrar umræður um hvernig þetta væri hugsað, hvort róið væri svo fast að ár og borð hitnuðu, svo að við suðu lægi, eða hvort siglt væri svo djarft að freyddi um bóg og borð. Hið síðara mun rétt vera, sbr. Jón G. Friðjónsson 2006 (undir *keipur*). Einnig eru dæmi um að orðatiltækið sé notað í yfirfærðri merkingu um að fara mikinn í orðum og æði.

Hvernig mætti heimfæra báðar merkingar orðatiltækisins upp á söguna?

Umræða

Við tökum eftir að feðgarnir „sigla“ fram á mið. Vindáttin er af landi (það er landsynningur). Þetta skiptir máli því að ekki þarf að snerta árarnar fyrr en haldið er í land.

Það er Salómon sem fyrstur áttar sig á hvað gera verður í ljósi þess verknaðar sem Jón í Hraunbót framdi. Hann (þ.e. Salómon) stendur við það sem hann hafði áður sagt (þegar rætt var um glæpi Axlar-Bjarnar): að hann væri reiðubúinn að fylgja Jóni í dauðann. Bæði Salómon og Sæmundur eru reiðubúinir að fórna lífi sínu þó þeir séu saklausir af verknaði Jóns.

Vissulega má spyrja hvort tiltæki Jóns hafi verið fullkominn glæpur. Ef allar árarnar hefðu verið heilar í bátnum hefðu Hraunbótarmenn væntanlega getað bjargað Totubræðrum úr sjónum. Þá hefði einungis verið um skemmdarverk á bátnum að ræða.

Í lok kaflans birtist okkur *stefið* í sögunni í síðasta sinn. Segja má að við séum vel undir það búin. Þetta hefur legið í loftinu, sbr. orð Sæmundar í 6. kafla: „Ef slík ósköp kæmu fyrir mig eða mína að verða manni eða mönnum að bana, þá mundi ég heldur setja upp seglið á bátnum mínum og sigla til hafs.“

Sögunni er í rauninni lokið; aðeins er eftir að ganga frá nokkrum lausum endum.

12. kafli

Umræða

Mikilvægt var að láta háseta þeirra Totufeðga bjargast svo að hann gæti sagt söguna af því sem gerðist, bæði um drápið á Tobba og um gatið sem myndaðist af völdum Jóns á bát Totufeðga.

Svarnættið er mikið í sögunni. Allar helstu persónur hennar létu lífið. Allt stafaði það af því að hatursneistinn sem Salómon hafði talað um varð að báli. Ekki var hlustað á viðvörunarorð. Góðu öflin (sem Salómon er fulltrúi fyrir) létu í lægra haldi.

Skáldskapnum, kynngikrafti orðsins, var beitt til ills. Skáldið var espað til að kveða nið en slíkt athæfi hefur alla tíð verið talinn alvarlegur glæpur. Sagan er að vissu leyti varnaðarorð þess efnis að menn gæti hófs í orðum sínum – og gjörðum.

Verkefni

Skrifaðu stutta ritgerð um eitt af eftirfarandi atriðum úr sögunni.

- Persónur – Eru persónur sögunnar trúverðugar, stereótýpur o.s.frv.
- Hver er að þínu álitni meginhugsunin (þemað) í sögunni, óháð atburðarás og persónum? Settu hana fram í einni málsgrein.
- Boðskapur – Er einhvernt boðskap að finna í sögunni? Hvern þá? Gerðu úttekt á *einni* persónu sögunnar.
- Hvernig tengist sagan af Axlar-Birni framvindu sögunnar *Sýður á keipum?*
- Skrifðu um *mátt orðsins* eins og hann birtist okkur í þessari sögu.